

Tilvera


Fólk · Heimilið · Dægradvöl

Netfang: tilvera@dv.is
Sími: 550 5824 · 550 5810

Bjartar nætur

ÍDNÓ: Síðasta sýning á Leik-sýningu Ferðaleikhússins, sem ber heitið Light Nights – Bjartar nætur, verður í kvöld í Iðnó. Uppfærsla og efnis sýningar Ferðaleikhússins er breytileg milli ára. Þær eiga þó sameiginlegt að þær eru fluttar á ensku, að undanskildum kveðnum rímum og þjóðlagatextum sem fluttir

eru á íslensku. Fimm eru á sviðinu, Kristín G. Magnús, sem jafnframt er leikstjóri, og Páll S. Pálsson sjá um leikinn og auk þeirra eru þrjú dansarar. Hilmar Örn Hilmarsson hefur samið lag við álfronudans fyrir sýninguna. Þá hefur Steindór Andersen verið hópnun til aðstoðar við að kveða rímur.



Haustmarkaður

SÖFN: Lokadagskrá sumarsins verður í Árbæjarsafni næstkomandi sunnudag. Meðal annars verður boðið upp á haustmarkað. Á boðstólum verður nýpupptekning grænmeti úr matjurtagörðum og heimagerð sultra og prjóns í Krambúð. Þá er enn til staðar sýningin í Kornhúsi, sem nefnist Dagur í lífi Reykvikinga. Sjötti áratugurinn. Á sýningunni er fylgst með sex Reykvikingum á ólíkum aldri í amstri hversdagsins á árunum 1950–1960.



Uppboð á ljósmyndum

GALLERÍ ÁLFUR: Á sunnudag lýkur sýningunni „2 ms af Íslandi“ með uppboði. Þetta er niunda ljósmyndasýning Ljósálfa, ljósmyndafélags, en auk þeirra sýna þrjú erlendir ljósmyndarar. Meðan sýningin hefur staðið yfir hefur gestum gefist kostur á að bjóða í myndirnar. Að kvöldi laugardags verður kíkt á þau tilboð og

munu þau gilda sem lægsta boð á uppboði daginn eftir. Þá verður uppboðshaldari Ragnar Sigurjónsson, ráðsmaður í Viðey og kunnur ljósmyndari, við stjórnvölinn og býður upp þær myndir sem þá verða óselðar. Alls eru á sýningunni 44 ljósmyndir en tvær þeirra eru einkaegnin. Sýningin er haldin í Gallerí Álfri, Bankastræti 5.

Huldufólk hefur ekkert miðsnes

Kristín Birna Kristjánsdóttir, nemi í þjóðfræði, vann í sumar ásamt Guðjóni Braga Stefánsyni, grafískum hönnuði, að söfnun efnis í bók og uppsetningu sýningar á Skríðuklaustri um álfa- og huldufólksögur á Austurlandi.

um huldufólksögum af Austurlandi í eina bók. Hvatinn að því að ég sótti um starfið er áhugi minn á álfa- og huldufólksögum og ég var svo heppinn að fá það. Skúli hafði einnig samband við Listaháskólann og komst í samband við Guðjón í framhaldi af því.“

sem voru settar upp á sýningunni og í bókina að hluta valda með það í huga hvernig hægt væri að gera þær myndrænnar á sýningunni.

Hlið sjónræna í fyrirrúmi

„Sýningin er byggð þannig upp að þeir sem skoða hana þurfi ekki að lesa of mikið til að skilja hana. Það hefur sýnt sig að fólk hefur ekki þolinmæði til að lesa mikinn texta þegar það skoðar sýningar, sérstaklega ef það er með börn með sér. Við reyndum því að hafa hana sem sjónrænasta og gripandi fyrir augun og eyrun.“ Að sögn Kristínar var þó hægt að lesa sér til ef fólk vildi því við hvern sýningargrip var stuttur texti og á bak við hann lengra mál fyrir þá sem vildu afa sér meiri upplýsinga.

Birna segir að á sýningunni sé reynt að kynna huldufólk á sem fjölbreyttastan hátt, segja frá uppruna þess og bera það saman við

mennska menn. „Við létum til dæmis búa til nef af huldufólki og nef af venjulegum manni og fólk gat borið þau saman, en eins og flestir vita þá vantar miðnesið á huldufólk.“

Trúir á huldufólk

Kristín segir að hún hafi lesið heimliknið af skemmtilegum sögum í tengslum við vinnuna að bókinni og að hún sé sannfærð um að náttúran á Austurlandi hafi stuðlað að ríkri huldufólkskrú þar um slóðir. „Sögurnar á Austurlandi eru svo sem ekkert frábrugðnar huldufólksögum annars staðar á landinu. Það er bara til meira af þeim vegna þess að Sigtús Sigtússon var svo duglegur að safna fyrir austan.“ Þegar Kristín er spurð hvort hún hafi séð álfa eða huldufólk hlær hún og segir nei. „Því miður ekki en ég er viss um að það er til.“

kip@dv.is



TRÚIR Á HULDUFÓLK: Kristín Birna Kristjánsdóttir, nemi í þjóðfræði, vann í sumar að bók og sýningu um huldufólksögur á Austurlandi.

Myndlistarsýningar

Þjóð í mótun á Akureyri

Á morgun kl. 15 verður blásið í afmælislöðra í Listagilinu á Akureyri. Til efnið er tvöfalt. Listasafnið á Akureyri verður tíu ára og Þjóðminjasafn Íslands er hvorki meira né minna en 140 ára. Sýningin, sem unnin er í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands, ber heitið „Þjóð í mótun: Ísland og Íslendingar fyrri alda“. Í vestursal safnsins sýna hins vegar Erla S. Haraldsdóttir, nýjasti verðlaunahafi Listasjóðs Pennans, og Bo Melin hvernig Akureyrbær gæti litið út í óræðri framíð ef þar byggju í kringum 700 þúsund manns en sú sýning ber heitið „Abbast uppá Akureyri“.



BLENDINGAR FYRRI ALDA: Tvöföld afmælisýning í Listagilinu.

Þá munu verða sýndir norðan heiða í fyrsta sinn minnir í eigu Þjóðminjasafnsins. Eins og kunnugt er hefur Þjóðminjasafnið verið lokað almenníngi undanfarin fimm ár vegna umfangsmikilla breytinga. Norðlendingar taka því forskot á sæluna og gefst hér einstakt tækifæri til að kynna stýmsu af því besta sem Þjóðminjasafnið hefur að geyma.


Margt af því sem minjasöfn sýna og varðveita flokkast ekki til listmuna heldur margvislegra minja sem bera lífnaðarhátum fyrri tíma vitni. Með

því að sýna þessa gripi í Listasafninu á Akureyri er reynt að blása sagnarykingi undanfarin fimm ár vegna umfangsmikilla breytinga. Norðlendingar taka því forskot á sæluna og gefst hér einstakt tækifæri til að kynna stýmsu af því besta sem Þjóðminjasafnið hefur að geyma. Margt af því sem minjasöfn sýna og varðveita flokkast ekki til listmuna heldur margvislegra minja sem bera lífnaðarhátum fyrri tíma vitni. Með því að sýna þessa gripi í Listasafninu á Akureyri er reynt að blása sagnarykingi undanfarin fimm ár vegna umfangsmikilla breytinga. Norðlendingar taka því forskot á sæluna og gefst hér einstakt tækifæri til að kynna stýmsu af því besta sem Þjóðminjasafnið hefur að geyma.

Hringekjur lífsins á Kjarvalsstöðum

Í kvöld, kl. 20, verður opnuð á Kjarvalsstöðum einkasýning myndlistarmannsins Eyjólf Einarssonar. Sýningin ber nafnið Hringekjur lífsins og er áherslan á stór málverk sem listamaðurinn hefur verið að vinna undanfarin ár og hafa ekki verið sýnd áður. Eyjólfur er einn af fremstu listamálurum sinnar kynslóðar og hefur notið vaxandi athygli hin síðari ár fyrir afar persónulegt myndmál og túlkun sem endurspeglar tíðarandann með sérstökum hætti. Sunnudaginn 28. september kl. 15.00verður Listamannsspjall þar sem Eyjólfur Einarsson mun skoða sýninguna ásamt gestum.

Sýningin stendur til 12. október.



EYJÓLFUR EINARSSON: Opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í kvöld.

Olíumálverk og ljósmyndir í Gallerí Fold

Á morgun, kl. 15.00, opnar Helga Kristmundsdóttir sýningu á olíumálverkum í Baksalnum í Gallerí Fold, Rauðarárstíg 14. Á sama tíma verður opnuð sýning á ljósmyndum Sigríðar Bachmann í Ljósfold.



HELGA KRISTMUNDSDÓTTIR: Sýnir í baksalnum í Gallerí Fold.

Sýningarnar standa til 14. september. Helga Kristmundsdóttir stundaði nám við keramikdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1972–76, vefnaðardeild sama skóla 1982–86 og málaradeild Árnus kunstakademí í Danmörku 1991–95. Helga hefur haldið fjölda einkasýninga víðs vegar um Danmörku, svo og í Þýskalandi, Austurríki, Færeyjum, Noregi, Belgíu og Svíþjóð. Hún hefur fengið viðurkenningar fyrir list sína í Danmörku, en þar er hún búsett.

Sigríður Bachmann lærði ljósmyndun hjá Guðmundi A. Erlendssyni ljósmyndara og vann þar árum saman. Síðan lauk hún prófi frá lönskólanum í Reykjavík. Hún starfaði hjá Sigurgeiri Sigurjónssyni, ljósmyndara í Svipmyndum, allengill, en hefur rekið eigin ljósmyndastofu um árabil. Gallerí Fold er opið daglega, frá kl. 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 10.00 til 17.00 og sunnudaga frá kl. 14.00 til 17.00.

Listhús Ófeigs: 4 colours 4 ladies

Sýningin 4 colours 4 ladies verður opnuð í listhúsi Ófeigs, Skólavörðustíg 5, á morgun kl. 16. Um er að ræða fjórar norskar textíl-listiðnaðarkonur. Hilde Horni og Torill Haugsvær Wilberg nota vinnuaðferðir sem voru nær gleymdar fyrir 15–20 árum í Noregi, að þæfa ull. Listin að þæfa hefur nú verið endurvakin og er í stöðugri sókn, oft í sambandi við ull og silki og afkraksturinn er meðal annars smáskúptúrur, fatnaður og fylgihlutir í nútímalegu samhengi. Tove Nordstad og Inger Lise Saga sýna prjónaflukur, ýmist þunnar eða þykkar, úr blöndu af silki, viskos og líni. Afkraksturinn er hvort tveggja í senn, nútímalegur og ógrandi. Námsferill þeirra er athyglisverður. Tvær eru innanhússarkitektar, sú þrjúja tannlæknir og sú fjórða barnaskólakennari.

Listhús Ófeigs er opið kl. 10–18 virka daga, 11–16 á laugardögum og lokað á sunnudögum. Verið velkomin. Ókeypis aðgangur.



JÓN ÍSBERG: Þekktur Húrvetningur, Jón Ísberg, fyrrverandi sýslumaður, var mættur til að fylgjast með.

Opinn skógur

Um síðustu helgi var athöfn í Hróúey í Blöndu við Blönduóskauptað. Tilefnið var það að í Hróúey er nú opinberlega orðinn „Opinn skógur“. Um er að ræða samvinnuverkefni skógræktarfélaganna og Óls og Alcan á Íslandi sem hefur hefur það að markmiði að bæta aðgengi og aðstöðu í skógum skógræktarfélaganna um land allt.

Um 200 manns komu til athafnarinnar í ágætis veðri. Fjölbreytt dagskrá var. Í upphafi var leikin harmóníkutónlist. Þá voru flutt

ávörp. Bæjarstjóri Blönduósbæjar afhenti síðan fulltrúum verkefnisins viðurkenningar. Þegar búið var að klippa á borðann frumflutti Hólmfríður Jónsdóttir nýort ljóð um eyjuna eftir Ingibjörgu Eysteinsdóttur í Beinakeldu í Austur-Húnavatnssýslu.



KLIPPT Á BORÐANN: Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og fulltrúar verkefnisins klippu á borðann.

- Stafræn
- prentun
- nafnspjöld
- samdægurs
- gott verð

fff
FORMPRENT
Hverfisgötu 78
101 Reykjavík
Sími 552 5960
Fax 562 1540
formprent@formprent.is

SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 563 2340 • MYNSENDIR 562 3219

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagsáætlun í Reykjavík:

Rimaskóli.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi vegna Rimaskóla stækkun lóðar og viðbygginga við skólann. Tillagan gera m.a. ráð fyrir að lóð stækki til norðurs inn á lóð sem áður var skilgreind sem lóð fyrir skóla og leikskóla við Sóleyjaríma. Fyrirhugað er að byggja við Rimaskóla rými fyrir skóla- og leikskólafélagi. Leiksvæði verða í tengslum við viðbyggingu. Hæð viðbyggingar er ein til tvær hæðir, gerður er nýr byggingareitur fyrir viðbyggingu og afmarkaður reitur fyrir núverandi byggingu. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 08:20 – 16:15, frá 27. ágúst 2003 – til 10. október 2003. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, skipbygg.is. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við hana skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eigi síðar en 10. október 2003.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillöguna.

Reykjavík, 29. ágúst 2003.
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Allir íþróttaviðburðir í beinni á risaskjám. Pool. Góður matseðill. Tökum að okkur hópa, starfsmannafélög. Stórt og gott dansgölf.

Föstudagur **Laugardagur**

Sálin hans Jóns míns **SIGGA BEINTEINS OG GRETAR ÖRVARSS**

WWW.PLAYERS.IS
PLAYERS

Sport Cafe